

✉ Re: Beiðni um umsögn vegna stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Goðafoss

Búið til	29.11.2021 14:16:59
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	29.11.2021 14:16:58
Tilheyrir	 202110-0023 - Beiðni um umsögn vegna stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Goðafoss

Efni

Re: Beiðni um umsögn vegna stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Goðafoss

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	29.11.2021 14:16:58	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	41-0 Verndaráætlanir - friðlýsingar almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	thordis.sigthorsdottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

Tilvísun í mál nr. 202110-0023 (IAS).

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun dags. 14. október 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Goðafoss.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér stjórnunar- og verndaráætlunina og telur að í henni séu skilgreind helstu viðfangsefni sem máli skipta er varða náttúruvættið en stofnunin gerir nokkrar athugasemdir við efnisatriði og eru þær eftirfarandi:

- Kafli 2.1. Lýsing á mörkum svæðisins til vesturs er ekki nægilega skýr: „..., hluta af Hrótey í vestri. ...“ Mörkin ná einnig yfir efsta hluta Hróteyjarkvíslar og hluta af Öxarárey og það mætti koma fram í texta hvernig þau mörk voru ákveðin. Lýsing á mörkum svæðisins til austurs eru líka óljós þar sem ekki

- kemur fram hvernig bogadregna línan frá Bárðardalsvegi eystri að suðaustasta punktinum eru dregin.
- Í kafla 2.2 er sagt að fljótið sé jökulfljót en í 2.2.3 er komið inn á að mikið af lindarvatn renni í það undan Ódáðahrauni. Þetta þarf að samræma en það þáð sem kemur fram í kafla 2.2.3. er rétt. „Goðafoss greinist í tvo meginfossa sem eru 9-17 metra háir og steypast fram af hraunhellunni skáhallt á móti hvor öðrum.“ Er ekki rétt að hafa „m“ í stað „metra“ og „hrauninu“ í stað „hraunhellunni.“
 - Kafli 2.2.2. Gróður og vistgerðir. Þessi kafli er mjög stuttur og er ekkert minnst á vistgerðir í honum.
 - Kafli 2.4.3. „... og er vel hannað til útivistar ..“ „... að skapa umhverfi“. Hvað er átt við hér? „Eitthvað er um að fólk fari niður fossinn á kajak og gegnum gljúfrin niður með ánni.“ Ekkert er minnst á þetta meira.
 - Kafli 2.6.2. Er göngubrú bygging? Er hún ekki mannvirki?
 - Kafli 2.6.4. Vantar tölur í stað „?“ um fjölda bíla og rústustæða.
 - Kafli 3.2. „Leita skal leiða til að veita fólki tækifæri til náttúruskoðunar á svæðinu án þess að skerða náttúruminjar með góðri stýringu gesta.“ Þetta þarf að laga, þó ekki væri nema að setja kommur á rétta staði.
 - Kafli 3.2.2. „Í stýringu felst meðal annars í uppsetningu fræðsluskilta kafla 3.6.8. um skilti.“ Þetta er óskiljanlegt.
 - „Þá skal unnið að upprætingu framandi ágengra tegunda innan hins friðlýsta svæðis.“ Það hefur hvergi komið fram að framandi ágengar tegundir séu á svæðinu. Ef það er rétt, er þá ekki málið að koma í veg fyrir að þær berist inn á svæðið?
 - Kafli 3.4. „Stuðla skal að því að landnýting verði með sjálfbærum hætti og að nýting náttúruauðlinda skerði ekki verðmæti svæðisins.“ Neðar í sama kafla: „Að svo stöddu er ekki skipulögð landnotkun.“ Þetta gengur ekki upp. „Aðgerð: Skoðað verði í samstarfi við landeigendur áhrif beitar á hið friðlýsta svæði.“ Fram kom í kafla 2.4. að engin skipulögð beit er á svæðinu núna. Er hér verið að opna fyrir beit eða er eitthvað um að sauðfé gangi inn á svæðið?
 - Kafli 3.6.9. „Fólk sé upplýst á skiltum“ Þetta þarf að orða á annan hátt.
 - Kafli 3.7. Talað er um öryggisáætlun fyrir friðlandið en ekki náttúruvættið.

Til viðbótar þessu þá er talsvert um málfars- og stafsetningarvillur í áætluninni sem þarf að laga.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLjBTii6Ikl1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0) (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLjBTii6Ikl1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Þórdís Björt Sigbórsdóttir" <thordis.sigthorsdottir@umhverfisstofnun.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI" <Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is>; "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurðsson@ni.is>; "Arna Hjörleifsdóttir" <arna.hjorleifsdottir@umhverfisstofnun.is>
Subject: Beiðni um umsögn vegna stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Goðafoss
Date: 14.10.2021 12:52:11

Ágæti umsagnaraðili,

undanfarið hafa fulltrúar Umhverfisstofnunar, Þingeyjarsveitar og landeigenda unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Goðafoss í Skjálfandafhljóti, en fossinn var friðlýstur sem náttúruvætti þann 11. júní 2020.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillöguna.

Frestur til að skila umsögn er til **29. nóvember 2021**.

Sjá nánar í viðhengi.

Bestu kveðjur, Best regards

Þórdís Björt Sigbórsdóttir
Teymisstjóri, Team leader
Svið náttúruverndar, Department for Nature Protection Areas



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (11 KB)

image001.png (3 KB)